

SHALDOR
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Uppgangur í íslenskri hönnun
Íslenski vöruhönnun vex sífellt
fiskur um hrygg.
allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

11. október 2010
238. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Velgengi í Danmörku

Fyrirtæki í eigu Íslendinga hlaut viðurkenningu frá viðskiptablaðinu Børsen.

tímamót 14

Tvöföld tilhlökkun

Sigurður Guðmundsson gefur út jólaplötu og á von á sínu fyrsta barni.

fólk 26



Nýr kafli í söguna

Íslenska 21 árs landsliðið mætir Skotum í Edinborg í kvöld.

sport 22

Skoða skaðabótamál vegna ástarbréfa seðlabankastjóra

Nýleg afstaða slitastjórnar Sparisjóðabankans til krafna Seðlabankans í búið ýtir undir athugun á mögulegri málsókn ríkisins á hendur fyrrverandi Seðlabankastjórum. Afstaðan bendir til alvarlegra mistaka.

STJÓRNSÝSLA Sú ákvörðun slitastjórnar Sparisjóðabankans (áður Icebank) að hafna kröfum Seðlabankans í búið vegur þungt í athugun sérstaks starfshóps á því hvort ríkið geti sótt skaðabætur til fyrrverandi seðlabankastjóra vegna fjárhagstjóns sem þeir ollu ríkinu.

Seðlabankinn krafði þrotabú Sparisjóðabankans um þá rúmlega 200 milljarða króna sem Sparisjóðabankinn fékk að lána hjá Seðlabankanum til að lána áfram stóru viðskiptabönkunum þremur.

Slitastjórnin hafnaði kröfunni með þeim rökum að Seðlabankinn hefði vitað að viðskiptabankarnir stefndu í þrot, lánveitingarnar hefðu verið málamyndagjörningur og að þær hefðu ekki uppfyllt

Hver voru þessi ástarbréf?

Þegar alþjóðlegir lánsfjármarkaðir lokuðust í aðdraganda kreppunnar árið 2007 gátu gömlu viðskiptabankarnir, Glitnir, Kaupþing og Landsbankinn, ekki orðið sér úti um lausafé. Þeir lögðu því skuldabréf og önnur veð inn í nokkur fjármálafyrirtæki, svo sem Sparisjóðabankann, sem flutti þau áfram til Seðlabanka Íslands í skiptum fyrir lausafé líkt og tíðkast í endurhverfum viðskiptum. Féð rann aftur til viðskiptabankanna. Þegar bankarnir féllu sat Seðlabankinn uppi með verðlittlar eignir. Þessi tilfærsla á eignum hefur fengið nafnið ástarbréf.

öll skilyrði laga. Seðlabankinn hefur andmælt þessari afstöðu og ef ekki semst um niðurstöðu kemur málið til kasta dómstóla.

Starfshópur fjögurra ráðuneyta hefur unnið að athugun á möguleikum ríkisins á að reka skaðabótamál á hendur þeim sem sýna má fram á að hafi valdið ríkinu og almenningi fjárhagslegu tjóni

með athöfnum sínum í aðdraganda bankahrunsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ýtti ákvörðun slitastjórnarinnar við athugun á ástarbréfavíðskiptum Seðlabankans enda fælist í rökstuðningi að þeir er um véluðu hefðu gert alvarleg mistök í starfi. Öndverð niðurstaða slitastjórnar hefði, að sama

skapi, dregið úr lífum á málsókn. Fari málið fyrir dóm mun niðurstaða hans ráða miklu um framhaldið.

Lán Seðlabankans til Kaupþings, með veði í danska FIH bankanum, var einnig undir smásjá starfshópsins. Nýgengin sala á bankanum er Seðlabankanum mjög til hagsbóta og áhrif lánveitingarinnar á fjárhag ríkisins því ekki lengur til skoðunar.

Icesave-reikningar Landsbankans hafa líka verið til sérstakrar athugunar. Samkvæmt upplýsingum blaðsins er grannt fylgst með heimtum í bú bankans og hvort eignir þess muni standa undir kostnaði vegna Icesave. Ákvörðun um málsókn verður að líkindum ekki tekin fyrir en endanlegt uppgjör liggur fyrir. - bps



fyrir allar dætur


ómmur - mómmur - systur - vinkonur ...

Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini

Söfnunarmarkmið 50.000 slaufur

10 20 30 40 50 þúsund

veðrið í dag



GÓÐVIÐRI í dag verður hæg suðaustlæg eða breytileg átt. Skýjað S- og V-til en annars bjartviðri. Hiti 8-14 stig að deginum til.

VEÐUR 4

TENGI

TILBOÐ VIKUNNAR
Sphinx 280 vegghandlaug 50 cm

Tilboðsverð*
kr. 6.500,-



*án blöndumartekja

Opíð virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15

Smíðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050



HAUST Á HAFRAVATNI Siglt var seglum þöndum í hlýrri golu á Hafrvatni í gær. Úrkomuleysi og óvenju hlýtt veðurfar undanfarna mánuði hefur reyndar dregið nokkuð úr stöðuvötnunum á höfuðborgarsvæðinu og yfirborð þeirra hefur lækkað. Hressilegar haustrigningar bæta líkast til úr því.
Sjá síðu 6.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heitasti októberdagur sögunnar var á Þingvöllum í gær og blíða á landinu öllu: Veðurkerfinn hagstæð Íslendingum

VEÐUR Mikil veðurbliða var á landinu öllu um helgina og nýtsprungnir fíflar sáust meðal annars á Suðurlandi. „Þetta er með því allra hlýjasta sem gerist í október,“ segir Teitur Arason, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Hæsti hiti á láglendi mældist 17,2 stig í gær á Gemlufallsheiði, milli Ónundarfjarðar og Dýrafjarðar. Á Þingvöllum mældust sautján stig. „Ég held að það sé nokkurn veginn víst að það hafi aldrei verið heitara á Þingvöllum

Mesti hiti á landinu í gær

Biskupsháls	17,4°
Gemlufallsheiði	17,2°
Þingvellir	17,0°
Eyrafjall	16,8°
Svartárkot	16,2°

Heimild: Veðurstofa Íslands

í október.“ Hæsti hiti sem mældst hefur á landinu í október var 23,5 stig á Dalatanga aðfaranótt 1. október 1973.

Teitur skýrir veðurbliðuna með

vísan til hagstæðrar stöðu veðurkerfa. „Það er tilviljanakennt hvernig veðurkerfinn raða sér. Frávik á einum stað geta valdið útgildum í hina áttna annars staðar. Núna er til dæmis skítalt og snjócoma í Finnlandi.“

Teitur segir að spád sé mildu veðri fram eftir vikunni. „En eins og spár eru núna lítur út fyrir leiðinda umhlepninga um næstu helgi. Lægðagangur, haustrigningar og jafnvel gæti gránað fyrir norðan. Haustveður eins og við þekkjum það með látum.“ - mmf

Ono-mæðginin slógu í gegn: Kveikt á öllum ljósum hjá Yoko

MENNING Gestir í Háskólabíói á laugardagskvöldið fengu svo sannarlega tónleika fyrir allan tvö þúsund króna aðgangseyrinn. Yoko Ono, sonurinn Sean Lennon og Plastic Ono bandið þeirra keyrði dagskrána áfram af feiknakrafti allt frá upphafi til enda.

Í lokin steig svo bitillinn Ringo Starr á sviðið ásamt Oliviu Harrison, Jóni Gnarr borgarstjóra og fleirum og saman leiddi hópurinn fjöldasöng á laginu Give Peace a Chance eftir John Lennon. Ekki var að sjá af frammistöðu Yoko að hún væri orðin 77 ára. Að sögn var hún síðust til að fara úr eftirpartinu sem hún hélt í Þjóðleikhúsinu fyrir Sean. Hann á sama afmælisdag og faðirinn og varð 35 ára á laugardaginn. - gar / sjá síðu 26



SPURNING DAGSINS



Birna, vilja lækna ekki lækna Íslendinga af kreppunni?

„Jú, enda féllum við frá níu prósentu taxtahækkun í upphafi kreppunnar.“

Birna Jónsdóttir er formaður Læknafélags Íslands. Álfheiður Ingadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðgjafi, segir sérgreinilækna ekki hafa vilja lækka taxa sína og taka þannig þátt í að koma Íslandi úr skuldafeninu.

Forsætisráðherra kallar eftir þjóðarsátt um almenna niðurfærslu skulda:

Rætt við stjórnarandstöðuna í dag

STJÓRN MÁL Fundað verður með fulltrúum stjórnarandstöðunnar vegna hugmynda um almenna niðurfærslu skulda heimila landsins í dag.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Guðbjartur Hannesson félagsmálaráðherra og Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra funduðu ásamt umboðsmanni skuldara og embættismönnum úr ráðuneytum lausnir á skuldavanda heimilanna á laugardag. Niðurstaða þess fundar var að kanna hvort almenn niðurfærsla skulda væri raunhæf leið til lausnar. Hafin er vinna í fjármálaráðuneytinu um hvaða



FORSÆTISRÁÐHERRA Hefur boðað fulltrúa stjórnarandstöðu til fundar um skuldamálin.

áhrif niðurfærslan kundi að hafa á ríkissjóð.

Hagsmunasamtök heimilanna

hafa talað fyrir almennri niðurfærslu skulda og fagna því að ríkisstjórnin kanni hvort hægt sé að ráðast í þá aðgerð.

Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson kalla eftir þjóðarsátt um almenna niðurfærslu skulda. Fram kom í máli Ögmundar í fréttum Stöðvar tvö í gær að ekki mætti einblína á kostnað heldur þyrfti að skoða afskriftir skulda út frá fjármálakerfinu í heild.

Áframhaldandi fundir um lausn skuldavandans eru boðaðir í vikunni.

- mmf

- gb

Ísraelsstjórn setur nýjar reglur:

Sverja þarf eið að ríki gyðinga

ÍSRAEL, AP Mitt í viðkvæmum friðarviðræðum við Palestínu-menn hefur Ísraelsstjórn samþykkt að gera öllum sem sækja um ísraelskan ríkisborgararétt skylt að sverja ríkinu hollustueið sem „ríki gyðinga“.

Nýju reglurnar voru samþykktar á ríkisstjórnarfundum í gær, þrátt fyrir andstöðu ráðherra úr Verkamannaflokknum og þrátt fyrir mótmæli bæði mannréttindahópa og arabíska minnihlutans í Ísrael.

Fimm ættliðir af sex hafa séð Rigoletto

Aðalstjarna óperunnar Rigoletto sem frumsýnd var á laugardagskvöld, Ólafur Kjartan Sigurðarson, fékk fimm kynslóðir ættingja sinna á sýninguna. Þeirra á meðal er langafi Ólafs, sem jafnframt er langalangangafi afabarns Ólafs.

FÓLK Gissur Ólafur Erlingsson, langafi aðalstjarna óperunnar Rigoletto, Ólafs Kjartans Sigurðarsonar, mætti á generalprufu sýningarinnar á fimmtudaginn. Ólafur Kjartan sjálfur er nýlega orðinn afi þannig að Gissur er þar með orðinn langalangangafi en Gissur varð 101 árs í mars síðastliðnum. Rigoletto var frumsýnd á laugardaginn var.

„Ég hef séð Ólaf Kjartan syngja þó nokkrum sinnum, hann skilur mig aldrei út undan á gestalistanum þegar hann syngur hér heima,“ segir Gissur Ólafur. „Mér þótti þetta alveg stórkostlegt, en að visu þykir mér alltaf best það sem ég sá síðast.“ Gissur Ólafur, sem er fyrrverandi umdæmisstjóri Pósts og síma á Seyðisfirði og starfaði jafnframt sem bóka- og skjalabýðandi, á í dag nærri 150 afkomendur. Þeir langfeðgar Ólafur Kjartan og Gissur Ólafur halda góðu sambandi, senda hvor öðrum tölvupóstskæti milli landa sem innihalda gjarnan limrur. „Jú, ég er líka á Facebook en er orðinn leiður á henni og því lítið þar inni,“ bætir Gissur við.

„Langafi vildi fremur koma á generalprufuna en frumsýninguna til að þurfa ekki að vera að þvælast svona síða kvölds. Hann sat fyrir miðju á þriðja bekk eins og höfðingi og hafði þá daginn áður verið á hádegistónleikum í Hafnarborg. Hann er mikill menningarneytandi og ótrúlega sprækur, líkamlega og andlega. Þrátt fyrir háan aldur. Hann gaf mér góða krítík sem var mér mikils virði,“ segir óperusöngvarinn sjálfur, Ólafur Kjartan.

„Auðvitað er hálflygilegt að barnabarn mitt eigi langalanganganga á lífi, maður klípur sig á hverjum degi að þetta sé hægt.“



Á 150 AFKOMENDUR Gissur Ólafur Erlingsson, langafi Ólafs Kjartans Sigurðarsonar barítónsöngvara, við generalprufu á óperunni Rigoletto í Íslensku óperunni.

MYND/AUÐUR

Ég er jafnframt svo lánsamur að geta kallað langafa góðan félagu um leið en þar sem ég bý erlendis skiptumst við á tölvupóstum. Langafi hefur leiðrétt tímaskynið hjá manni, mörgum þykir sem óperur tilheyri svo löngu liðnum tíma en þegar hann fæddist voru einungis sextíu ár frá því að Verdi samdi Rigoletto.“

Ættliðirnir sem hafa séð Rigoletto eru fimm en sjá sjötti og yngsti er aðeins sjö mánaða og fékk því ekki að vera með. Frumsýningin gekk að Ólafs sögn afar vel, við glimrandi undirtekur. „Maður er hálfórðlaus yfir viðtökunum og Íslendingar er greinilega ekki orðnir leiðir á óperum. Það eru sem betur fer ekki allir Ásbjörn.“

juliam@frettabladid.is

Ofbeldisverk í New York:

Gengu í skrokk á unglingum

BANDARÍKIN, AP Átta menn voru handteknir í gær í New York fyrir að hafa gengið hrottalega í skrokk á tveimur unglingspiltum og einum fullorðnum manni. Svo virðist sem andúð á samkynhneigð fórnarlambanna hafi verið ofbeldishvatinn.

Mennirnir réðust fyrst á annan piltinn, hinn 3. október, leituðu síðan uppi hinn piltinn og misþyrmdu honum, en buðu loks þrítugum manni heim þar sem þeir pyntuðu hann klukkustundum saman.

Málið hefur vakið óhug í borginni, en undanfarið hafa fjölmargir samkynhneigðir unglingar stytst sér aldur í Bandaríkjunum vegna hótana og ofbeldis sem þeir höfðu orðið fyrir.

- gb

Könnun á heimilishögum:

Margir Íslendingar í sambúð

FÓLK Ungir Íslendingar eru líklegri til að vera í sambúð en gengur og gerist meðal ríkja Evrópusambandsins (ESB).

Í nýbirtri könnun Eurostat, tölfræðiskrifstofu ESB, kemur í ljós að 54 prósent kvenna og 47 prósent karla á aldrinum 18-34 ára eru í sambúð, hvort sem þau eru gift eða ógift. Það er nokkrum herra hlutfall en í ríkjum ESB þar sem heildarhlutfallið er 48 prósent meðal kvenna og 36 prósent meðal karla.

Hæst var hlutfallið meðal Finna, þar sem 63 prósent kvenna og 51 prósent karla eru í sambúð.

- þj

AUSTURRÍKI

Ysta hægríð vinnur á

Frelsisflokkurinn í Austurríki, þekktur fyrir andstöðu gegn innflytjendum, vann verulega á í borgarstjórnarkosningum í Vínarborg í gær. Flokkurinn fékk rúmlega 27 prósent atkvæða og er nú næst stærstur flokka borgarinnar.

Námumennirnir í Chile:

Út undir bert loft í vikunni

CHILE, AP Fyrstu námumennirnir af þeim 33 sem hafa verið lokaðir niðri í námugöngum síðan í ágúst eiga nú von á því að komast út undir bert loft á miðvikudaginn.

Um helgina tókst að bora ný göng niður til þeirra en verið er að styrkja þau að innan með málmröri svo þau falli ekki saman.

Mennirnir verða fluttir upp á yfirborðið einn í einu í þar til gerðu hylki og er búist við að á annan sólarhring taki að koma þeim öllum út undir bert loft.

Á miðvikudag verða liðnir 69 dagar frá því að mennirnir lokuðust inni.

- gb

LÍKNARMÁL

Fjölskylda gaf 2 milljónir

Sjúkradeild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fékk tveggja milljóna króna gjöf til tækjakaupa frá fjölskyldu í Garðinum. Gjöfin var þakklætisvottur fyrir umhyggju og fagmennsku sem starfsfólkið veitti fjölskyldufóðrum í líknandi meðferð.

LAV STYRKE 210 stk

5.050 KR

Freshmint, Whitemint og Classic 2mg 210 stk pk.

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

Sprungur í stíflu úrgangslóns í Ungverjalandi ógna lífríkinu enn frekar:

Nýtt leðjuflóð óhjákvæmilegt

UNGVERJALAND, AP Óhjákvæmilegt er að stífla úrgangslóns við súrálverksmiðju í Ungverjalandi bresti með nýju flóði rauðrar eiturleðju, að því er haft er eftir Zoltan Illes, umhverfisráðherra Ungverjalands.

Hann segir hagstæð veðurskilyrði valda því að sprungurnar, sem nýlega uppgötvaðust á norðurvegg lónsins, hafi hætt að víkka út, en þegar veðurskilyrði breytist muni þær víkka að nýju.

Verið er að gera við sprungurnar og reisa nýja varnarveggi utan um lónið en óvíst er hvort sú vinna gangi nægilega hratt.

Bresti stífluveggurinn má búast við nýju flóði rauðrar leðju sem berast myndi yfir nærliggjandi svæði allt að kílómetra til norðurs.

Nær allir íbúar bæjarins Kolontar, 800 talsins, yfírgáfu heimili sín



ALLT Á FLOTTI Rauða leðjan verður til þegar baxít er unnið svo úr verði súrál, hráefni sem notað er í álverksmiðjum.

NORDICPHOTOS/AFP

um helgina vegna þessarar hættu. Íbúar bæjarins Devecser, sem er örlitlu norðar, voru beðnir um að

pakka nauðsynjum niður í tösku og vera búnir undir að hverfa á braut með örskömmum fyrirvara.

- gb

Bíókort
NOVA

2.890 kr. / 12 mán.

LG Viewty

Bíókort og 500 kr. símnótkun á mánuði í 12 mánuði fylgir!

Verð: 2.890 kr. á mánuði í 12 mán.
eða 33.990 kr. staðgreitt

Gildir með 3G áskrift og 3G frelsi.



3.790 kr. / 12 mán.

LG Optimus

Bíókort og 500 kr. símnótkun á mánuði í 12 mánuði fylgir!

Verð: 3.790 kr. á mánuði í 12 mán.
eða 43.990 kr. staðgreitt

Gildir með 3G áskrift og 3G frelsi.

Bíókort og 500 kr. símnótkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	111,22 111,76
Sterlingspund	176,35 177,21
Evra	154,32 155,18
Dönsk króna	20,693 20,815
Norsk króna	19,051 19,163
Sænsk króna	16,577 16,675
Japanskt jen	1,3490 1,3568

SDR 174,25 175,29

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,6473

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



HRAFNSEYRI Undirbúningur afmælis-hátíðar er kominn á fullt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gerð nýrrar heimreiðar hafin: **Framkvæmdir á Hrafnseyri**

HRAFNSEYRI Framkvæmdir eru hafnar við gerð nýrrar heimreiðar að Hrafnseyri við Arnarfjörð. Heimreiðin er liður í fyrirhuguðum hátíðarhöldum vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar á næsta ári.

Gagnrýnendur þessarar framkvæmdar hafa bent á að gróður og ræktað land á staðnum stórsplist við gerð nýju heimreiðarinnar. Aðalkennileitið á staðnum verði ný vegurinn. Þá neitaði bóndinn á Auðkúlu Vegagerðinni um efnistöku í landi sínu vegna framkvæmdarinnar.

Hæstiréttur snýr héraðsdómi: **Fær bætur fyrir varðhaldsvist**

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt íslenska ríkið til að greiða karlmanni fimm hundruð þúsund krónur í skaðabætur vegna þess að hann var látinn sæta gæsluvarðhaldi í um það bil fjóra sólarhringa. Maðurinn var handtekinn að kvöldi 29. janúar 2004 vegna rannsóknar á tilraun til íkveikju. Í framhaldi var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald til 4. febrúar sama ár. Með bréfi ríkissaksóknara 8. nóvember 2007 var honum tilkynnt að málið á hendur honum hefði verið fellt niður.

Héraðsdómur hafði áður sýknað íslenska ríkið af kröfum mannsins.

Fyrirverandi aðaleigendur og stjórnendur Glitnis vilja málaferlin heim frá New York: **Yfirlýsing fjármálastjóra sögð vafasöm**

DÓMSMÁL Fyrirverandi aðaleigendur og stjórnendur Glitnis, sem slitastjórn bankans hefur stefnt fyrir dóm í New York, segja málaferlin ekki eiga heima þar ytra.

Fram kemur í fréttatilkynningu að Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður hafi lagt fyrir dómstólinn ytra yfirlýsingu um að íslenskir dómstólar ráði vel við málaferli af þessu tagi. Málaferli sem fjalli um íslenska hagsmuni eigi að fara fram á Íslandi. Ein af meginröksemdum slitastjórnarinnar fyrir málarekstrinum í New York lúti að því að íslenskir dómstólar ráði ekki



BRYNJAR NÍELSSON

við málaferli af þessu tagi. „Glitnir heldur því fram að tengsl umræddra einstaklinga við New York megi rekja til skuldbréfaútgáfu sem Glitnir stóð að í september árið 2007. Þessu til stuðnings vísar Glitnir til vafasamarar yfirlýsingar Alexanders Guðmundssonar, fyrirverandi fjármálastjóra bankans. Slitastjórnin

veitti Alexander friðhelgi í tengslum við ákveðna þætti málsins gegn því að hann veitti henni aðstoð,“ segir í tilkynningunni.

Þá segir enn fremur að skuldbréfaútgáfan hafi hvorki verið skipulögð né leidd af hinum stefndu. Hún hafi verið hluti af reglulegri fjármögnun bankans og verið skipulögð og stjórnað af Alexander og undirmönnum hans á fjármálasviði. „Ef slitastjórn Glitnis trúir því í raun að umræddir einstaklingar hafi valdið Glitni tjóni þá er Ísland rétti vettvangurinn til að fá úr því skorið.“

Aldrei reiknað með að 200 milljarðar fengjust

Krafa Seðlabankans í bú Sparisjóðabankans er ekki með öllu glötuð þó að slitastjórn hafi hafnað henni. Seðlabankinn gæti eignast kröfur Sparisjóðabankans á bú gömlu bankanna. Ár eru í að endanlegt tap Seðlabankans liggja fyrir.

FRÉTTASKÝRING

Breytir synjun slitastjórnar Sparisjóðabankans á kröfu Seðlabankans einhverju um endanlegt tap Seðlabankans?

Þó að ríkissjóður og Seðlabankinn hafi gert yfir 200 milljarða kröfu í bú Sparisjóðabankans (áður Icebank) var aldrei reiknað með að sú fjárhæð fengist greidd. Ástæðan er einföld; eignir búans eru aðeins nokkrir tugir milljarða. Það er hins vegar venja í málum sem þessu að menn krefjast þess sem þeir telja sig eiga.

Slitastjórn Sparisjóðabankans hafnaði kröfunum. Ekki er þó þar með sagt að niðurstaðan verði sú að Seðlabankinn fái ekki neitt.

„Það kemur til álita að hann [Seðlabankinn] yfirtaki kröfu okkar á þá [gömlu viðskiptabankana],“ sagði Andri Árnason, formaður slitastjórnarinnar, í samtali við Fréttablaðið í september. Sigli samningaviðræður þar um í strand verður það dómstóla að skera úr um.

Krafa Seðlabankans á Sparisjóðabankann er vegna lána sem Sparisjóðabankinn fékk hjá Seðlabankanum og lánaði áfram til viðskiptabankanna þriggja. Að veði voru skuldbréf, gefin út af bönkunum. Við fall þeirra hrundi verðmæti bréfanna.

Ósennilegt er að hver einasta króna sem Seðlabankinn lánaði með þessum hætti sé honum eða ríkissjóði endanlega glötuð. Þó að ekki tækist samningar við slitastjórnina um yfirtöku krafna í bú viðskiptabankanna og þó að



SEÐLABANKINN Talið er að tap hans verði á bilinu tvö til þrjú hundruð milljarðar króna.

Davíð Oddsson um veðin sem SÍ tók



Fjallað er um „ástarbréfavíðskiptin“ í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Í skýrslutöku var Davíð Oddsson, fyrirverandi Seðlabankastjóri, spurður hvort ekki hefði komið til greina að taka önnur og traustari veð fyrir lánunum til bankanna en óvarin skuldbréf þeirra. „Davíð svaraði: „Mínar skýringar eru þessar: Það var auðvitað vitað, og það kemur fram í fundargerðum í bankaráðinu, ég sagði frá því í bankaráðinu, að þessi ástarbréf – eins og ég kalla þau, ég bjó nú til það nafn – væru, ef allt færi á versta veg, í eðli sínu ákveðin froða og því gerði ég ríkisstjórninni auðvitað grein fyrir. En um leið og við segjum að Sparisjóður Reykjavíkur eða Sparisjóður Keflavíkur eða Sparisjóðabankinn – við tækjum ekki mark á bréfi sem Landsbankinn ábyrgðist af því að við teljum að hann mundi fara á hausinn þá færi hann á hausinn, ekki daginn eftir heldur síðdegis þann sama dag. Svona var þetta.“

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis

dómstólar dæmi slitastjórninni í vil á Seðlabankinn enn veðin. Þó að virði þeirra hafi hrunið eru þau ekki með öllu verðlaus.

Endanlegt tap Seðlabankans af lánveitingum til viðskiptabankanna í gegnum smærri banka er

enn óljóst. Talið er að það muni liggja á bilinu tvö til þrjú hundruð milljarðar. Heimtur úr búum bankanna ráða mestu um hver niðurstaðan verður en ár og dagar eru í að það liggja fyrir.

bjorn@frettabladid.is

Ólæti á Akureyri: **Fjórir teknir fyrir slagsmál**

AKUREYRI Töluverður fjöldi fólks var saman kominn á Akureyri um helgina og var eitthvað um þústra í miðbænum enda „stuð á mannskapnum“ að sögn lögreglunnar á staðnum.

Þrír karlar fengu að dúsa í fangaklefa aðfaranótt laugardagsins eftir að hafa viðhaft ógnandi tilburði á öldurhúsi í bænum og einn karl til viðbótar fékk að gista í fangaklefa kvöldið eftir. Sama morgun var ökuður tekinn vegna gruns um ölvunarakstur.

Forbes velur 20 konur á lista: **Vert að fylgjast með Rúnu**

VIÐSKIPTI Rúna Magnúsdóttir, eigandi Connected-Women.com og meðstofnandi BRANDit, komst á lista sem birtur var á heimasíðu viðskiptatímarsins Forbes yfir tuttugu konur í alþjóða- viðskiptalífnum sem Forbes telur vert að fylgja eftir á samfélagsvefnum Twitter.



RÚNA MAGNÚSDÓTTIR

Connected-Women.com er alþjóðleg samfélagssíða fyrir konur og BRANDit er fjögurra daga alþjóðleg þjálfarastofa fyrir athafnakonur sem vakið hefur athygli víða um heim. BRANDit verður næst haldin í Reykjavík 14.-17. október og í Rotterdam í nóvember. Þá hefur félag kvenna í atvinnurekstri í Bretlandi óskað eftir því að setja upp BRANDit í London á næsta ári.

Óvenjulegur atburður: **Tvíburar hittast í geimferðalagi**

BANDARÍKIN, AP Á næsta ári munu tvíburarnir Scott og Mark Kelly væntanlega hittast í geimnum.

Þeir eru báðir geimfarar. Scott er nú þegar nýkominn út í geiminn og mun næstu fimm mánuði, eða ríflega það, hringsóla í kringum jörðina í alþjóðlegu geimstöðinni.

Í mars fer Mark í kjölfar bróður síns og munu þeir hittast í geimstöðinni ef áætlanir bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA standast.

„Þetta var ekki skipulagt,“ segir Mark, „en við vonuðumst báðir til þess að þetta myndi fara svona.“

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HÆGLÆTIS VEÐUR víðast hvar á landinu í dag og næstu daga. Þykkar smám saman upp vestan til á landinu á morgun en annars staðar verður þurr að mestu. Hitinn verður áfram þröðulegur um allt land.

Á MORGUN 5-10 m/s V-til, annars hægar. MIÐVIKUDAGUR Veður breytist lítið.


HEIMURINN

Alicante	22°
Basel	17°
Berlín	14°
Billund	12°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	25°
London	17°
Mallorca	25°
New York	21°
Orlando	31°
Ósló	10°
París	17°
San Francisco	24°
Stokkhólmur	8°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegis.


TOYOTA

Að smyrja eða ekki smyrja. Það er smurningin.



Sértilboð á smurþjónustu í október

Það er sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota í október.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Toyota Kópavogi	Nýbýlavegi 8	Kópavogi	Sími: 570-5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	Reykjanesbæ	Sími: 420-6600
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	Sími: 480-8000
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	Sími: 455-4570
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	Sími: 577-7080
Bílatangi Ísafirði	Suðurgata 9	Ísafirði	Sími: 456-4580
Bifreiðaverkstæðið Ásinn	Kalmansvöllum 3	Akranesi	Sími: 431-5050
Bíllaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	Sími: 464-1888
Bíllaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstaðir	Sími: 470-5070

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

**Today
Tomorrow
Toyota**

KJÖRKASSINN



Er réttlátt að leggja gjald á allar nettengingar til að bæta réttindahöfum efnis upp tap vegna ólöglegs niðurrhals af netinu?

Já 6,8%
Nei 93,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Eiga íslensk stjórnvöld að skora á Kínverja að láta friðarverðlaunahafann Liu Xiaobo lausan úr haldi?

Segðu þína skoðun á visir.is



6

Össur Skarphéðinsson ætlar að ræða við utanríkisráðherra allra aðildarríkja ESB:

Útskýrir sérstöðu Íslands í sjávarútvegi

EISTLAND Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra er þessa dagana á ferðalagi um Evrópuríki til að vinna sjónarmiðum Íslendinga í sjávarútvegsmálum brautargengi.

„Þetta er eins konar tangarsókn þar sem við hittum annars vegar forn stórveldi í fiskveiðum eins og Spánnverja og Portúgala, en leggjum okkur hins vegar fram við að afla stuðnings hjá smáum og millistórum ríkjum sem hafa lítilla eða engra hagsmuna að gæta á þessum sviðum, eins og löndunum í Eystrasalti og landluktunum í Evrópu,“ sagði Össur þar sem hann var staddur í Eistlandi í gær.

„Fyrir fram er á brattann að sækja og við höfum því skipulagt plan þar sem ég mun hitta alla utanríkisráðherra ESB og skýra afstöðu Íslands.“

Össur segist leggja áherslu á að kynna sérstöðu Íslands í sjávarútvegi fyrir viðmælendum sínum.

„Ég brýni fyrir þeim að við þurfum á hugvitssamlegum lausnum að halda sem taka bæði mið af reglum sambandsins og þörfum okkar. Það eru til ýmsar leiðir til að nálgast lausnir sem taka mið af sérstöðu okkar. Ein er sú að sérstakt stjórnsvæði verði sett upp fyrir fiskveiðar í Norður-Atlantshafi.“

- gb



TVEIR UTANRÍKISRÁÐHERRAR Urmas Paet lagar boðunginn á jakka Össurar, þar sem þeir standa á svölum utanríkisráðuneytisins við Íslandstorg í miðborg Tallinn.

MYND/ERIK PEINA

ESB: Stærsta friðarbandalagið eða hernaðarbandalag?

Hádegisfundur Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólon þriðjudaginn 12. október kl. 12-13

Frummælendur

Anna Pála Sverrisdóttir, lögfræðingur

Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra

Allir velkomnir



Samfylkingin xs.is



RAUÐAVATN Vatnið er nánast að engu orðið eftir hitatið og þurrkasumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vötnin að þorna upp vegna hita og þurrks

Yfirborð vatna á höfuðborgarsvæðinu er orðið sérlega lágt. Veðurstofan segir ástæðuna óvenju mikla þurrkatíð og hita í sumar og haust. Góða rigningartíð þurfi til að snúa við stöðunni. Jarðvegurinn sé orðinn harður og haldi illa vatni.

UMHVERFISMÁL „Þessi lága vatnsstaða er nú einfaldlega vegna þess hversu heitt hefur verið í veðri og úrkomulítið,“ segir Óli Þór Árnason, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, um óvenjulega lágt yfirborð stöðuvatna á höfuðborgarsvæðinu um þessar mundir.

Óli Þór segir það hefðbundið að vatnsstaðan sé tiltölulega lág í ágúst og september. Hann kveðst ekki geta svarað því hvort ástandið nú sé sérstakt í sögulegu samhengi þar sem Veðurstofan hafi fremur nýlega tekið vatnamælingar frá Orkustofnun.

Staðan hér á höfuðborgarsvæðinu er alls ekki einstök. Til dæmis hefur verið vatnslítið á Vesturlandi og á Ströndum, þar sem Óli Þór segir sum stöðuvötn vart svip hjá sjón.

Þegar svona miklir þurrkar hafa verið þarf mikla úrkomu til að rétta stöðuna af. „Þetta gæti farið



RAUÐAVATN Vatnið er nánast að engu orðið eftir hitatið og þurrkasumar.

að lagast ef það koma nokkrir góðir rigningardagar. Þegar jarðvegurinn er orðinn svona þurr og harður rennur vatnið ofan af honum. Það þarf fyrst að blotna vel í til að vatnið haldist,“ segir Óli Þór, sem einmitt kveður von um rigningu á næstu dögum.

Rauðavatn virðist sérstaklega illa leikið af vatnsleysi. Óli Þór segir það og fleiri vötn á höfuðborgarsvæðinu gjalda fyrir hversu hátt þau standi. „Það er lítið aðrennsli svo þessi vötn eru mjög háð úrkomunni,“ segir veðurfræðingurinn.

gar@frettabladid.is



VÍFILSTAÐAVATN Yfirborð Vífilstaðavatns hefur lækkað nokkuð.



REYNISVATN Vatnsbakkinn á Reynisvatni stendur vel upp úr sjálfum vatninu.

fyrir allar mömmur

ömmur - dætur - systur - vinkonur - frænkur ...

Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini



Viðburðir á vegum Konfúsíusarstofnunar í vikunni ...

Háskólatorg st. 104, þriðjudagur 12. október, kl. 15:00

Að stofna fyrirtæki í Kína.

Magnús Oddsson vélaverkfræðingur flytur erindi um nokkrar hlíðar þess að stofna fyrirtæki og fást við viðskipti í Kína, en hann stofnaði og stýrði verkfræðideild Össurar í Shanghai frá 2006-2009

Erindið er öllum opið og án endurgjalds.



Askja st. 132, fimmtudagur 14. október, kl. 17:30

Veröld án þjófa 天下无贼

Kínversk verðlaunamynd frá 2004 eftir Feng Xiaogang. Bo (Andy Lau) og Li (Rene Liu) eru tvíeyki í glæpum og jafnframt elskendur. En þegar Li ákveður að ganga veg réttvísinnar hitta hjúin Fu Gen, auðmjúkan og einfaldan sveitastrák – og það reynast afdrifarík kynni ...

Sýningin er öllum opin og án endurgjalds. Sýningartími 113 mín.

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is



北極光孔子學院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN
NORDURLJÓŠ



HÁSKÓLI ÍSLANDS





Betty
Crocker®

Með Betty verður baksturinn minnsti vandinn

Gríptu Betty með heim eða taktu hana
með í bústaðinn og komdu fjölskyldunni
á óvart með unaðslegum ábæti eftir
grillmatinn. Með Betty verður baksturinn
minnsti vandinn.





Hjúkrunarþjónusta í Lyfju Lág múla

Veitum ýmsa sérhæfða þjónustu, m.a. ráðgjöf við val á næringarvörum vegna vannæringar eða sjúkdóma.

Þjónustan er veitt virka daga frá 8 til 17



www.lyfja.is

BLJENKA/SALIS/LYFJ 31.026.10/10

Farþegaferja stóð í ljósum logum á Eystrasalti: Öllum farþegum bjargað

ÞÝSKALAND, AP Eystrasaltsferjan Lisco Gloria stóð í ljósum logum úti af ströndum Þýskalands um helgina eftir að sprenging varð um borð. Flytja þurfti 236 manns frá borði.

Ferjan var á leiðinni frá Kiel í Þýskalandi til Klaipeda í Litáen, en gjöreyðilagðist í brunum.

Ekki var hægt að fara um borð í skipið í gær til að kanna skemmdir vegna hitans eftir eldslogana en reynt verður að fara um borð í dag þegar skipið hefur kólnað eftir nóttina. - gb



LISCO GLORIA Þykkar reyk lagði frá ferjunni. NORDICPHOTOS/APP

3.000 manns fá vinning!

Ha? Hvenær?

Oh! Ég gleymdi að kaupa miða.

Á morgun kl. 18!

Ekkert stress, það er ekki of seint!

Drögum þriðjudaginn 12. október, vertu með!



HAPPRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

VÆNLEGAST TIL VINNINGIS

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.



RAMMGIRT FANGELSI Innan veggja þessa fangelsis dvelst friðarverðlaunahafi Nóbels, Liu Xiaobo, og hefur aflánað tæp tvö ár af ellefu ára fangelsisdómi. FRÉTTABLAÐID/AF

Eiginkonan handtekin

Eiginkona nýbakaða friðarverðlaunahafans Liu Xiaobo hitti hann um helgina, en var síðan sjálf handtekin í gær. Tugir menntamanna einnig í haldi.

KÍNA Liu Xia, eiginkona Liu Xiaobo, var augljóslega höfð í haldi í íbúð sinni í Peking í gær, eftir að hún hafði hitt eiginmann sinn í fangelsi. Hún fær hvorki að hitta fjölmiðlafólk né vini sína.

Fréttir bárust af því að tugir menntamanna hefðu einnig verið settir í stofufangelsi eða orðið fyrir öðru áreiti af hálfu stjórnvalda um helgina, eftir að ljóst varð að Liu Xiaobo fengi Nóbelsverðlaunin.

Liu Xia segir að eiginmaður sinn hafi þegar verið búinn að fá fréttir af ákvörðun norsku Nóbelsnefndarinnar þegar hún kom til hans í fangelsið.

„Bræður, ég er komin til baka,“ skrifaði Liu Xia á Twitter-síðu sína í gær. „Hitti Xiaobo. Hann fékk fréttina af verðlaununum í fangelsinu aðfaranótt hins niunda.“

Wang Jinbo, nánur vinur þeirra og félagi þeirra í andspyrnunni, staðfesti frásögn hennar á Twitter. Hann fullyrðir að Liu Xiaobo hafi sagt eiginkonu sinni, með tárin í augnum, að hann tileinkaði Nóbelsverðlaun sín þeim sem létu lífið þegar kínversk stjórnvöld siguðu hernum á Torg hins himneska friðar hinn 4. júní 1989, þar sem fjölmennur hópur ungs

Komust ekki

Þótt Liu Xiaobo sé fyrsti friðarverðlaunahafi Nóbels sem situr í fangelsi þegar tilkynnt er um verðlaunin hafa nokkrir fyrri verðlaunahafar ekki getað tekið á móti verðlaunum vegna stofufangelsis eða ferðatakmarkana:

- 1935** Carl von Ossietzky, var í stofufangelsi í Þýskalandi
- 1975** Andrei Sakharov, fékk ekki að fara frá Sovétríkjunum
- 1983** Lech Walesa, fékk ekki að fara frá Póllandi
- 1991** Aung San Suu Kyi, var í stofufangelsi í Búrma

fólks krafðist lýðræðisumbóta.

Liu Xia reyndi strax á föstudag, eftir að norska Nóbelsnefndin skýrði frá ákvörðun sinni, að fá að heimsækja eiginmann sinn í Jinzhou-fangelsinu í Liaoning-héraði, sem er í fimm hundruð kílómetra fjarlægð norður af höfuðborginni Peking, þar sem hún býr.

Hún fékk þó ekki að hitta hann fyrr en í gær.

Kínversk stjórnvöld brugðust ókvæða við þegar norska Nóbelsnefndin skýrði frá ákvörðun sinni. Talsmaður utanríkisráðuneytis Kína sagði ákvörðunina Nóbelsnefndinni til skammar og hótaði því að samskiptin við Noreg myndu versna.

gudsteinn@frettabladid.is



Þjóð til þings

Stjórnlagabing 2011

Pitt sjónarmið á erindi

Framboðsfrestur rennur út á hádegi 18. október 2010



Þjóð til þings

Stjórnlagabing - Borgartúni 24 - 105 Reykjavík - sími 422-4400 - www.stjornlagathing.is - www.kosning.is - www.landskjour.is

Takk!

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Njóttu
fram tíðarinnar
– í öryggi!

Við skipuleggjum lífeyrismál þín
– eins og þau væru okkar eigin



Ef þú vilt geta notið eftirlaunaáranna verður það mikilvægara með hverju árinu að greiða iðgjöld í frjálsa viðbótarlífeyristryggingu svo að þú eigir nægan höfuðstól til að geta látið drauma þína rætast.

Mikilvægt er að hafa traustan samstarfsaðila sér við hlið. Einhvern sem þú getur treyst fyrir peningunum þínum! Þetta öryggi býður Bayern-Versicherung sem tilheyrir Versicherungskammer Bayern, stærstu opinberu tryggingasamstæðu Þýskalands.

Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja Þýsku sparisjóðanna (Sparkassen-Finanzgruppe) sem er farsælasti samstarfs-vettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi og með um 50 milljónir viðskiptavina.

Sterk fjárhagsstaða og ströng fyrirmæli í Þýskum lögum gera Bayern-Versicherung kleift að uppfylla tryggingaskuldbindingar sínar fyrirvaralaust hvenær sem er.


Nánari upplýsingar um þjónustuframboð okkar er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum hjá Sparnaði – við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025.



SPARNADUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamstæðunni Versicherungskammer Bayern
Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VER | SICHER | UNGS
KAMMER
BAYERN

 Finanzgruppe

IP-staðlar betri lausn í flugi

Með því að taka upp internetstaðla og nota þau fjarskiptanet sem þegar hafa verið byggð upp er hægt að spara gífurlegar fjárhæðir í flugiðnaði. Prófanir á slíkum samskiptum fóru fram hérlendis og lofa góðu.

UPPLÝSINGATÆKNI Fyrstu raunprófanir heims á notkun internetstaðla (VoIP) í samskiptum flugumferðarstjórnar við flugvélar áttu sér stað hér á landi í nýliðnum mánuði.



HÖRÐUR ARILÍUSSON

„Ég geri ráð fyrir því að eftir nokkur ár verði þessi tækni orðin allsráðandi í heiminum,“ segir Hörður Arilíusson flugumferðarstjóri, sem vann að prófunum. Að verkefninu standa Isavia, sem sér um alla flugleiðsöguþjónustu á íslenska flugumferðarsvæðinu, og fyrirtækin Frequentis og Northrop Grumman Park Air Systems.

VoIP er sú tækni sem notuð er til gagnasendinga yfir internetið. Slík tækni hefur hins vegar ekki verið tekin í gagnið í samskiptum í flugiðnaði þar sem unnið er að því að sýna fram á að hún standist alla staðla um öryggi og gæði í flugi. Prófanirnar sem fram



Í FLUGTAKI FRÁ KEFLAVÍK Þota Icelandair hefur sig á loft frá Keflavíkflugvelli. Vélar félagsins í áætlunarflugi milli landa tóku þátt í að prófa nýja samskiptatækni við flugumferðarstjórn í síðasta mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

fóru hér á landi eru þær fyrstu í heiminum samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum staðli Euroace (Evrópusamtaka um staðla í flugtækjabúnaði).

Um borð í flugvélunum er notast við hefðbundna talstöðvar-tækni, en nýjungin felst í því að samskiptin eru flutt yfir netið

frá móttökustöð í landi og til flugumferðarstjórnarinnar. „Við settum upp platform þar sem við vorum með á einu neti bæði þessi hefðbundnu radió sem við erum að nota í dag og svo þessa nýju IP-tækni,“ segir Hörður og kveður sex móttökustaði fyrir sendingar hafa verið prófaða. „Þetta

prófuðum við síðan á móti lifandi umferð. Þeir voru svo almennilegir hjá Icelandair að áhöfn hjá þeim var í stöðugu sambandi við okkur allt frá flugtaki í Keflavík og þar til hún hvarf úr radiódragi nálægt Færeyjum.“

Hörður segir prófanirnar hafa tekist vel og niðurstöðurnar lofi afar góðu varðandi upptöku IP-staðla í samskiptum flugstjórnar og flugvéla. Þannig hafi til dæmis samtöl sem send voru um netið heyrst betur, án allrar bjögunar og truflana. „Það er nú bara eins og þú sért hérna inni í klefanum hjá okkur, sagði til dæmis einn flugstjóriinn,“ bætir Hörður við.

Helsta kostinn við nýja tækni segir Hörður samt vera minni kostnað, sem ætti að skila sér í lægri fargjöldum á heimsvísu. Netstaðla segir hann í notkun alls staðar í heiminum og því sparis heilmikið við uppsetningu á tækjabúnaði. „IP-netin eru til úti um allt, en við höfum bara ekki mátt fara inn á þau út af því að ekki var fullreynt hvort þau væru nógu örugg. Þessar prófanir sýna fram á að öryggið er nægt.“

oikr@frettabladid.is



FJÖLDAVÍGSLA SJÓHERSINS Sjóherinn á Taívan efndi í vikunni til fjölda-vígslu liðsmanna sinna, þegar sextíu yfirmenn í hernum gengu samtímis í hjónaband.

NORDICPHOTOS/AFP

Niðurskurður í skjalavörslu:

Sjö missa vinnuna í Skagafirði

SKAGAFJÖRÐUR Sjö starfsmenn á Héradsskjalasafni Skagafjarðar missa vinnuna vegna niðurskurðar á fjárlögum. Þetta kemur fram á vefnum Nordurlandid.is.

Störfin voru upphaflega sköpuð sem mótvægisáðgerð við kvótatapi úr byggðalaginu fyrir þremur árum. Í fyrra var starfsemin skorin niður um 25 prósent og nú leggst hún af.

- þeb

Sparnaður í áskrift



Eva Jolie í sænsku útvarpi:

Gagnrýnir Norðurlönd

SVÍPJÓÐ Eva Jolie, þingmaður Frakka á Evrópuþinginu, gagnrýnir framkomu Norðurland-



EVA JOLIE

anna gagnvart Íslandi í tengslum við Icesave-málið.

Þetta sagði hún nýlega í viðtali við sænska ríkisútvarpið.

„Við getum ekki áttað

okkur á því hversu skaðleg framkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur verið, eða hve döpur ég og margir aðrir í kringum mig eru út af því að hin Norðurlöndin hafa ekki stillt málum upp þannig að Ísland hefði getað losnað undan ítrustu frjálshyggjukröfum sjóðsins,“ segir hún. - gb

ÍSAFJÖRÐUR

Ekki einkaleyfi á vatni

Meirihluti bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ tók undir með minnihlutanum, sem vill að áframhaldandi samstarf við Lindarfoss ehf. um vatnsútflutning úr Skutulsfirði skuli ekki fela í sér einkarétt á vatni til útflutnings og að ekki verði samið til meira en 25 ára.



ÓEIRÐIR Í BELGRAD
Lögreglu tókst að verja baráttugöngu samkynhneigðra í borginni.

Gleðiganga samkynhneigðra haldin í Belgrad í gær:

Óeirðir í gleðigöngu

SERBÍA, AP Óeirðalögreglan í Serbíu stóð í ströngu í gær þegar þúsundir manna reyndu að koma í veg fyrir fyrstu gleðigöngu samkynhneigðra í höfuðborginni Belgrad síðan 2001.

Múgurinn kastaði eldsprengjum, grjóti og glerflöskum í lögregluna, kveikti í bílum og braut rúður í miðborginni. Ruslatunnum var hvolfst og götuskilti eyðilögð.

Þúsundir lögreglumanna höfðu afgirt nokkrar götur í miðborginni þar sem gangan fór fram, en nokkrum sinnum kom til átaka þegar andstæðingar hinna samkynhneigðu reyndu að brjóta sér leið í gegnum víggirðingu lögreglunnar.

Ivica Davic innanríkisráðherra sagðist telja að um sex þúsund manns hefðu tekið þátt í óeirðunum, en þeim mætti 5.600 manna lögreglulið.

Árið 2001 tókst hægriöflum í Serbíu að leysa upp gleðigöngu samkynhneigðra, og á síðasta ári tókst þeim að koma í veg fyrir að gangan yrði haldin.

Samkynhneigðir og stuðningsfólk þeirra fögnuðu því sem merktum tímamótum að gangan hefði getað farið fram í gær. Margir höfðu litið á það sem prófraun á serbneska ríkið hvort séd yrði til þess að gangan gæti farið fram í ár. - gb

Málþing með notendum Faxaflóahafna

Þriðjudaginn 12. október, kl. 16:00 í Sjóminjasafninu við Grandagarð

Fyrirtæki sækja í auknum mæli eftir því að staðsetja sig á svæðum hafnanna sem hefur leitt af sér fjölbreyttari rekstur sem sífellt kallar á endurskoðun um hlutverk og þjónustu fyrirtækisins.

Dagskrá fundarins á að snerta málefni sem flestra á svæðinu og er sem hér segir:

Dagskrá:

- Ávarp Hjálmar Sveinsson, stjórnarformaður Faxaflóahafna sf.
- Gísli Gíslason, hafnarstjóri, fer yfir fjárhagsáætlun ársins 2011 og rekur helstu framkvæmdir og breytingar
- Guðmundur Óskarsson, forstöðumaður flutningastjórnunar Samskipa, talar um þróun í vöruflutningum til og frá Íslandi.
- Vignir Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Eldingar Hvalaskoðun Reykjavík, segir frá starfsemi og starfsháttum í hafsækinni ferðaþjónustu
- Ágúst Ágústsson, markaðstjóri, skýrir frá þróun og framtíð í komum skemmtiferðaskipa
- Umræður og fyrirspurnir

Fundurinn er öllum opinn en þeir sem eru með starfsemi á hafnarsvæðum Faxaflóahafna eru sérstaklega hvattir til að mæta. Á fundinum gefst tækifæri til þess að koma með fyrirspurnir og ábendingar um allt það sem varðar hafnarrekstur, þjónustu og aðstöðu fyrir viðskiptavinum.



5125050
Auglýsingasími

Þegar þú greiðir niður yfirdráttinn þá lækkum við vextina hjá þér

Að greiða niður yfirdráttinn með samningi við Íslandsbanka er einhver besti sparnaður sem vól er á því þú lækkar vaxtakostnaðinn svo um munar.

Dæmi*

Yfirdráttur 360.000 kr.
Mánaðarlækkun yfirdráttar 15.000 kr.
Fjöldi mánaða 24


Vaxtakostnaður lækkar vegna þess að yfirdrátturinn minnkar og vegna þess að vaxtaþrósentan lækkar.

Lægri vaxtaþrósentan 12.188 kr.
Lækkandi yfirdráttur 43.125 kr.
Sparnaður á tímabili 55.313 kr.

Þú færð nánari upplýsingar á islandsbanki.is og hjá ráðgjafa í þínu útibúi.

*Í dæminu er miðað við að yfirdráttarvextir lækki úr 12,50% í 9,25%.

Lækkaðu yfirdráttinn



islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000


Íslandsbanki

Ísland á að lýsa eindregnum stuðningi við Liu Xiaobo og heimta að hann verði látinn laus.

Þeir tapa alltaf

Kínverski andófsmaðurinn Liu Xiaobo er vel að friðarverðlaunum Nóbels kominn. Hann situr nú í þriðja sinn í fangelsi vegna friðsamlegrar baráttu sinnar fyrir lýðræði og mannréttindum í Kína. Hann var í fyrsta sinn dæmdur til fangelsisvistar fyrir þátt sinn í mótmælunum á Torgi hins himneska friðar 1989, sem enduðu með fjöldamorði. Hann var dæmdur til þrækunarbúðavistar 1996 fyrir að andmæla alræði kommúnistaflokksins og í fyrra var hann dæmdur til ellefu ára fangelsisvistar fyrir að taka þátt í að skrifa mannréttindayfirlýsingu.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Kínversk stjórnvöld óttast Liu Xiaobo og friðsamlega baráttu hans. Sagan hefur nefnilega sýnt að þeir sem hafa stuðzt við skoðanakúgun til að halda völdum tapa alltaf á endanum fyrir

hugrökku fólki sem er óhrætt að tjá hug sinn. Andófsmenn á borð við Vaclav Havel og friðarverðlaunahafana Nelson Mandela, Lech Walesa og Andrei Sakharov hafa með friðsamlegri baráttu átt sinn stóra þátt í að steypa ríkisstjórnunum sem ríktu í krafti ofbeldis.

Kínverjar höfðu í hótunum við norsku Nóbelsstofnunina og norsk stjórnvöld áður en verðlaunin voru veitt og gáfu í skyn að það myndi hafa slæm áhrif á samskipti Noregs og Kína ef Liu hlýti þau. Það breytti engu um afstöðu norsku Nóbelsnefndarinnar. Í rökstuðningi hennar er réttilega bent á samhengi milli friðar og mannréttinda. Án mannréttinda verði ekki til það bræðralag þjóðanna, sem Alfred Nobel vildi stuðla að.

Kína er vaxandi stórveldi og hefur náð gífurlegum árangri á efnahagssviðinu á undanförunum árum. Kínverjar hafa sýnt Íslandi mikinn áhuga og velvilja og samstarf ríkjanna hefur orðið æ nánara. Við getum margt lært af Kínverjum og þeir vonandi eitthvað af okkur. Við eigum ekki að láta mannréttindabrot í Kína standa í vegi fyrir viðskiptum eða samskiptum við landið. Samskiptin opna hugmyndum leið. Frjálsu viðskiptum eiga að fylgja frjáls skoðanaskipti.

Við eigum einmitt að nota okkar góða samband við Kínverja til að koma á framfæri gagnrýni á ástand mannréttindamála í landinu. Það var gott hjá Jóni Gnarr borgarstjóra að andmæla mannréttindabrotum í Kína á fundi með einum af forkólfum Kommúnistaflokksins. Það var gott hjá forsvarsmönnum RIFF-kvikmyndahátíðarinnar að hlusta ekki á kröfur kínverska sendiráðsins um að hætt yrði við sýningar á mynd um kúgun og mannréttindabrot kínverskra stjórnvalda í Tíbet. Við eigum að sýna kínverskum stjórnvöldum að þótt við metum samskiptin við Kína mikils stendur okkur ekki á sama um mannréttindabrotin.

Vonandi taka íslensk stjórnvöld undir með þeim sem undanfarna daga hafa krafizt þess að Liu Xiaobo verði látinn laus. Alþingi og ríkisstjórn geta þar lagt sitt af mörkum og líka forseti lýðveldisins, sem er í svo góðu sambandi við Kína og á þar marga vini. Vonandi hlustar enginn af forystumönnum okkar á hótanir Kínverja eða óttast að þeir dragi úr viðskiptum ef Íslendingar segja sína skoðun. Þeir þurfa bara ofurlítið brot af hugrekki Liu Xiaobo til að segja hug sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafærnu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Lífrænt skiptir máli fyrir barnið þitt

- Engin erfðabreytt innihaldsefni
- Ræktað án notkunar meindýraeitturs




Kitlar bragðlaukana
Kíttu í heimsókn á www.hipp.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Allir styðja Xiaobo

Ljóðskáldið Liu Xiaobo situr í fangelsi í Kína fyrir að hafa sagt hug sinn á prenti. Hann hlaut í síðustu viku friðarverðlaun Nóbels. Margir hafa orðið til að fagna ákvörðuninni, þeirra á meðal Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, ríkisstjórnir Bretlands, Þýskalands, Frakklands og Ítalíu, Ban Ki-moon, aðalritari Sp, Evrópusambandið, forsætisráðherra Kanada, Obama Bandaríkjaforseti, Dalai Lama, Lech Walesa og nýr handhafi bókmenntaverðlauna Nóbels, Mario Vargas Llosa. Svona mætti



eflaust lengi telja. Og síðan Xiaobo hlaut verðlaunin hefur eiginkona hans verið hneppt í stofufangelsi.

...nema Ísland

Viðbrögðin héðan frá Íslandi hafa hins vegar verið engin, ef undan er skilin stuðningsyfirlýsing borgarstjórans Jóns Gnarr. Ríkisstjórn, forsætisráðherra og utanríkisráðherra þegja. Forseti Íslands, sem manni skilst að sé í alveg sérstöku vinfengi við kínversku þjóðina, hefur líka haft hljótt um sig, jafnvel þótt leitað hafi verið eftir álit hans. Ef marka má viðbrögð okkar helstu vinabjóða er málið hins vegar ekki ýkja flókið

og kallar ekki á að menn leggist undir feld til að móta viðbrögð sín.

Landsdómi fundið heimili?

Æðstráðendur í Hæstarétti skoða nú hvernig og hvar landsdómi verður best fyrir komið. Lítið fæst upp gefið um þá athugun en Þjóðmenningarhúsið mun helst nefnt. Sama fólk þarf að taka ákvörðun um hvort og þá hvernig almenningi verður gert kleift að fylgjast með því sem fram fer fyrir dóminum. Verður það í beinni útsendingu? Verða sjónvarpsupptökur leyfðar? Því þarf að svara.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Við tryggjum ekki eftir á

Evrópusambandið



Óssur Skarphéðinsson
Utanríkisráðherra

Ég hef sem utanríkisráðherra lagt mikla áherslu á að samtök þeirra, sem eiga mikilla hagsmuna að gæta gagnvart samningnum um aðild að Evrópusambandinu, komi ríkulega að undirbúningi hans. Þeir sem best þekkja einstaka málaflokka eru líklegastir til að skilja best hagsmuni og möguleika sinna atvinnugreina. Þannig verður því samningurinn bestur fyrir alla.

Fulltrúar einstakra atvinnugreina verða að taka þann möguleika inn í sína reikninga að aðild verði að lokum samþykkt. Þá er eins gott að samningurinn verði sem bestur fyrir hag þeirra umbyðenda. Þessvegna ríður á fyrir hagsmuni einstakra samtaka, að við höfum sjálfstraust og innri styrk til að vinna saman til að gagnast Íslandi sem best. Það gildir um bændur jafnt sem aðra. Við tryggjum ekki eftir á.

Fyrir einstakar atvinnugreinar er óráð að lifa í þeirri trú að samningarnir verði dregnir til baka, þeim frestað, eða hætt við þá. Það verður ekki gert. Fyrir því er hvorki meirihluti á Alþingi né meðal þjóðarinnar. Það myndi laska mynd Íslands enn frekar og væri andstætt

hagsmunum þjóðar sem er að leita að leiðum til að brjótast úr miklum erfiðleikum.

Íslendingar standa á krossgötum. Ein leið okkar inn í betri framtíð gæti legið í gegnum aðild að Evrópusambandinu. Við eigum þar kost á traustara og stöðugra efnahagsumhverfi sem mun stuðla að því að skapa þau 30 þúsund störf sem þurfa að verða til á næstu tíu árum til að eyða atvinnuleysi á Íslandi. Reynsla smáþjóða, þar á meðal Eista, Maltverja og Slóvaka, sýnir ljóslega að erlendar fjárfestingar aukast í kjölfarið. Við fengjum þar einnig kost á að taka upp nýja og miklu öflugri mynt, evruna, ef við viljum. Íslendingar eiga að fá að velja sjálfir hvort þeir kjósa að fara þessa leið þegar fullgerður samningur liggur á borðinu.

Samningarnir um aðild eru nú komnir af stað eftir að ég hóf þá formlega fyrir Íslands hönd 27. júlí. Það væri ábyrgðarleysi gagnvart okkur sjálfum og umheiminum að hætta í miðri á. Þeir sem berjast fyrir því í krafti úreltrar kreddufælni gegn útlöndum eða vegna innri valda-baráttu í flokkum eru að vinna hagsmunum Íslands ógagn.

Væri hér vinstri stjórn

Í DAG

Guðmundur Andri
Thorsson
ríthöfundur



Ef hér væri vinstri stjórn myndi Póstur og Sími vera tekinn af Bakkabræðrum. Þá gætum við hringt í Símann þegar eitthvað bilar án þess að hlusta í hálf tíma á þungarokk rofið af og til með „þú ert númer áttahundrað í röðinni, viltu nokkuð vera að bíða lengur?“ Okkur fyndist kannski Póstur&Sími ekkert rosalega sexí en við hefðum samt aftur á tilfinningunni að þetta væri okkar fyrirtæki en við ekki þegar þess.

Væri hér vinstri stjórn hefðu bankarnir og sparisjóðirnir verið sameinaðir í einn ríkisbanka sem hétu Landsbankinn og væri banki allra landsmanna. Þetta væri frekar þurrpumpulegur banki sem myndi láta okkur standa lengi í röð þegar við kæmum til að fá lán og kall með flösu myndi svo hvesa á okkur glyrnurnar og spyrja höstuglega: „Og hvað þykistu

yrði starfsemi hins svokallaða Háskóla í Reykjavík sett undir Háskóla Íslands eða kannski bara send aftur í Versló og námskeið Stjórnunarfélagsins sem Árni Sigfússon var alltaf að halda í gamla daga. Þeir kennarar sem fengu að starfa áfram á háskólastigi yrðu að læra viðskiptafræðina og lögfræðina upp á nýtt. MBA-nám og hin sjálfstyrkingarnámskeiðin yrðu svo sett á námskeið Stjórnunarfélagsins.

Væri hér vinstri stjórn myndi hún verja fé í mannaflsrekar framkvæmdir sem skila þjóðfélaginu einhverju, efla hagvöxt og veita atvinnulausu fólki atvinnu – ekki með því að reisa samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni handa Akureyringum, heldur mætti fá styrk hjá Evrópu-sambandinu til að láta nú loksins verða af því að járnbrautavæða Ísland. Það er ekkert smáræðisverk að leggja járnbraut um þetta stóra land og reisa fallegar járnbrautarstöðvar á helstu þéttbýlistöðum. Önnur stórfamkvæmd sem má hugsa sér er að fjarlægja byggingar sem lítill not eru fyrir og eru til lýta og leiðinda og reisa eitthvað nýtt og fallegt í staðinn. Til dæmis Smáralind: ekki er



Ef hér væri vinstri stjórn yrði starfsemi hins svokallaða Háskóla í Reykjavík sett undir Háskóla Íslands eða kannski bara send aftur í Versló.

ætla að gera við peninginn!“ Og: „Hvern fjáran hefur þú við pallbíl að gera!“ Og: „hvernig hafðirðu hugsað þér að borga þetta! Með lottópeningum?“

Væri hér vinstri stjórn hefði ohf-dellan í ríkisútvarpinu verið stöðvuð fyrir löngu og þessi stofnun færð þjóðinni á ný vegna þess að vinstri stjórnir vita sem er að sumt er þess eðlis að best fer á því að það sé í almanna-eigu.

Væri hér vinstri stjórn hefði maðurinn sem veðsetti bótasjóð Sjóvá ekki fengið að gerast framkvæmdastjóri lyfjafyrirtækis því að lyf eru til að lækna fólk og braskarar eiga ekki að fá að koma nálægt því að selja þau heldur væri það háð ströngum takmörkunum hverjir höndluðu með lyf.

Og ef hér væri vinstri stjórn yrði séð til þess að sjúkrahúsin í hinum dreifðu byggðum landsins hefðu bolmagn til að starfa og sinna þjónustu við hin smærri samfélög – ekki bara út af örygginu og ekki bara út af hagkvæmninni heldur líka vegna þess að það eru lágmarkslífs-gæði og grundvallarmannréttindi að eiga kost á góðri heilbrigðisþjónustu í nágrenni sínu.

Ef hér væri vinstri stjórn

húsið sjálf einungis hlálegasta bygging í víðri veröld – risareður teiknaður af enskum arkitektum sem hljóta að hafa grátið af hlátri á meðan – heldur virðist hvorki hægt að reka verslunarkjarnann í núverandi mynd né selja hann. Best væri því að rífa Smáralind og breyta svæðinu í lífligan garð fyrir Kópavogsbúa, og svipað brúk má hugsa sér fyrir önnur risaverslunarhús sem reist voru í öngviti aldamóta-áranna og munu aldrei verða til annars en armæðu.

Væri hér vinstri stjórn væri forgangsmál að þjóðin sjálf fengi hlutdeild í þeim arði sem ein gjöfulustu fiskimið í heimi gefa af sér, í stað þess að hann renni óskiptur til manna sem fyrir löngu hafa fyrirgert rétti sínum til kvótans með heimskupörum og veðsetningu á því sem þjóðin á.

Já og væri þetta vinstri stjórn sem á að heita að stjórnin hér landinu þá myndi hún róa að því öllum árum að gera landið að einu kjördæmi svo að alþingi Íslendinga endurspegli þjóðarviljann og hér komist á raunverulegt þingræði og við – fólkið – getum farið að bera virðingu fyrir þessari stofnun eins og við svo sárlega þráum.

AF NETINU

Fordómar gegn feittum

Feitt fólk mætir fordómum nánast á öllum stígam mannlífsins, hvort sem það er í vinnu, skóla, verslun og þjónustu, heilsugæslu eða jafnvel heima hjá sér. Þetta hafa rannsóknir ítrekað staðfest. Sú lausn sem iðulega er bent á að feitt fólk eigi bara að grenna sig er engin lausn þar sem a) þær megrunaraðferðir sem þekktar eru leiða yfirleitt ekki til viðvarandi þyngdartaþs og b) það er ekki á ábyrgð þeirra sem verða fyrir illri meðferð að breyta sér til að þóknast kvölurum sínum. Ábyrgðin er gerendanna. Þess vegna er kallað eftir samfélagsbreytingum. Við þurfum að gera samfélagið þannig úr garði að öllum geti liðið þar vel, hvort sem þeir eru feittir eða mjóir, stórir eða litlir, ungir eða gamlir eða hvernig sem er. Veröldin er fyrir alla.

<http://blog.eyjan.is/likamsvirding/>
Sigrún Daníelsdóttir

VERÐLÆKKUN á fiski. -Fiskikóngurinn hjálpar þér að taka á kreppunni-

Fiskfars (áður 990)..... nú 550,-

Kinnar nýjar og saltaðar (áður 990)..... nú 690,-

Fiskréttir í sósu (áður 1.590)..... nú 1.390,-

Fiskhakk (áður 1.390)..... nú 790,-

Ýsuflok með roði (áður 1590)..... nú 1.290,-

Sjáumst eldhress.

ATH. Þetta er ekki tilboð sem gildir aðeins í dag. Þessi verð eru komin til þess að vera á meðan kreppunni stendur.



Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755



620 ný ársverk í Straumsvík

Á næstu árum mun Rio Tinto Alcan fjárfesta fyrir 57 milljarða króna í álverinu í Straumsvík.

Ráðist verður í tvö stór verkefni. Straumhækkun mun auka afköst kerskálanna og skapa 360 ný störf þegar framkvæmdir standa sem hæst á næsta ári. Breytingar á steypuskála auka verðmæti framleiðslunnar og skapa um 150 ný störf árið 2011.

Samanlagt kalla þessi verkefni á 620 ný ársverk á Íslandi.

Rio Tinto Alcan

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





40 BJÖRN JÖRUNDUR FRÍÐBJÖRNSSON tónlistarmaður er fertugur. „Ég veit ekki hvort rétt er að tala um konseptið „að vera frægur“ á Íslandi. Þetta var eftir-sóknarvert þegar ég var unglingur en í dag sé ég enga kosti við það.“



Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigþrúður G. Blöndal (Sissa)

lést þriðjudaginn 5. október á heimili sínu. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 12. október kl. 13.00.

Ellert Halldórsson

Sigríður Blöndal	Sverrir Kristinsson
Guðrún B. Blöndal	Ágúst Friðgeirsson
Kristinn V. Blöndal	Marlene Chavarria Fritz
Ragnhildur Ellertsdóttir	
Hrafnhildur Ellertsdóttir	Alexander Ólafsson
Fanney Ellertsdóttir	Kristinn Guðjónsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn	



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Guðfinna Jónsdóttir

Brúnalandi 20, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 1. október, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 12. október kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hennar láti Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

Sverrir Helgason

Óskar Sverrisson	Eiríksína Kr. Hafsteinsdóttir
Jón Sverrir Sverrisson	Margrét Steindórsdóttir
Helgi Sverrisson	Sigurbjörn K. Stefánsdóttir
Sigríður Ragna Sverrisdóttir	Sigurbjörn Jón Gunnarsson og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamamma og amma,

Margrét Sigríður Einarsdóttir

Fannborg 7, Kópavogi,

andaðist á Líknardeild Landspítalans sunnudaginn 3. október. Útförin fer fram frá Fossvogskapelli miðvikudaginn 13. október kl. 13.00.

Haukur Ármannsson	Þórey Aðalsteinsdóttir
Valgarð Ármannsson	
Guðbjörn Ármannsson	Stefanía Ástvaldsdóttir og barnabörn



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Pétursdóttir

frá Hjalteyri,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 29. september. Jarðarför verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 12. október kl. 13.00.

Pétur J. Eiríksson	Erla Sveinsdóttir
Sigrún Ástríður Eiríksdóttir	
Þórólfur Eiríksson	
barnabörn og barnabarnabörn.	

ÞETTA GERÐIST: 11. OKTÓBER 1975


Ný sundlaug við Grensásdeild

Á þessum degi árið 1985 var ný sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans formlega tekin í notkun. Reiknað var með að þá myndu um níutíu sjúklingar nota laugina daglega en laugin, sem enn er í notkun, er 17x10 metrar að stærð.

Viðstaddir vígslu sundlaugarinnar voru meðal annars þáverandi heilbrigðisráðherra, Matthías Bjarnason, þáverandi borgarstjóri, Davíð Oddsson, og fyrrverandi yfirlæknir stofnunarinnar,

Ásgeir B. Ellertsson, sem sagði við tilefnið að margir hefðu lagt sitt af mörkum til að sundlaugin hefði getað orðið að veruleika. Nefndi hann þar meðal annars til hlutaveltur sem börn í hverfinu hefðu haldið til styrktar byggingunni.

Laugarinnar hafði verið beðið lengi en hún var á fjárlögum árið 1978 og liðu því átta ár þar til hún var tekin í notkun. Aðstaðan þótti öll til fyrirmyndar, með búningsherbergjum og böðum.



ÍSLENDINGAR Í DANMÖRKU: FENGU VIÐURKENNINGU DANSKS VIÐSKIPTABLAÐS

Lúxusgólfefni vekur athygli

Fyrirtækið Trækompagniet í Danmörku fékk á dögunum viðurkenningu frá danska viðskiptablaðinu Børsen fyrir góðan rekstur og mikinn vöxt síðustu árin. Íslensk hjón, Frosti Þórðarson og Helga Hjördís Sigurðardóttir, eiga og reka fyrirtækið, sem sérhæfir sig í sérhönnuðum lúxusplankagólfum. Børsen heiðrar árlega þau fyrirtæki sem hafa þótt skara fram úr í danska viðskiptalífnum.

„Við hjónin fluttum til Danmerkur fyrir tíu árum en stofnuðum fyrirtækið fyrir um sjö árum og það má segja að ég hafi byrjað einn í kjallaranum heima,“ segir Frosti, forstjóri Trækompagniet. „Helga hefur séð um allt sem snýr að fjármálum fyrirtækisins auk þess að koma að hönnun gólfefnanna. Í dag reukum við tvær verslanir í Danmörku, í Árósum og Kaupmannahöfn. Auk þess er verslun rekin í Norgei og til stendur að opna verslanir í Stokkhólmi og Osló. Fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt en við höfum reynt að sýna fyrirhyggju og skynsemi í rekstrinum, sérstaklega á þessum tímum.“

Trækompagniet er orðið vel þekkt á meðal arkitekta og sérstaklega þeim sem sérhæfa sig í hönnun á lúxushúsum fyrir vel stæða einstaklinga. „Við höfum frá upphafi farið okkar eigin leiðir í hönnun og markaðsetningu á lúxusgólum og verið leiðandi í nýsköpun og hönnun. Meðal þess sem fyrirtækið býður upp á eru heimsins breiðustu og lengstu eikarplankar, sérstaklega gerðir til að þola gólfhita en þeir eru mjög mjög einstakir og fást allt upp í fimmtán metra langir.“

Frosti segir viðurkenninguna hafa komið skemmtilega á óvart, þau hafi ekki hugsað til þessarar viðurkenningar sérstaklega en þekkt til hennar. „Þetta eru erfiðir tímar hér í Dan-



BYRJAÐI Í KJALLARANUM Frosti Þórðarson, forstjóri Trækompagniet, byrjaði með fyrirtækið í kjallaranum heima hjá sér. MYND/ÚR EINKASAFNI

mörku eins og annars staðar og fá fyrirtæki hafa fengið þessa viðurkenningu í ár þannig að við erum mjög ánægð með hana. Næstu skref eru svo

að opna búð í Stokkhólmi og Osló en við erum nú þegar komin á sænskan og norskan markað.“

juliam@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ragnhildur Bragadóttir

Neshaga 17, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 7. október, verður jarðsöngin frá Neskirkju miðvikudaginn 13. október kl. 11.00.

Helga Ingvarsdóttir
Baldur Ingvarsson, Sigríður Hrund Pétursdóttir
Elvar, Kolbeinn Sturla, Starkaður Snorri og Styrmir Snær

Merkisatburðir

1910 Theodore Roosevelt er fyrstur forseta Bandaríkjaanna til að ferðast í flugvél.
1958 Gervihnettinum Pioneer 1 er skotið á loft en hann fellur aftur til jarðar og brennur í gufuhvolfinu.

1977 Opinberir starfsmenn í BSRB fara í verkfall í fyrsta sinn. Tveimur vikum síðar takast samningar.
1991 Íslendingar vinna heimsmeistaratið í bridds og hampa hinn frægu Bermúðaskál.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús K. Geirsson

rafvirki, Lækjarsmára 6, Kópavogi,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 7. október.

Bryndís Magnúsdóttir	Áslaug S. Svavarsdóttir
Geir Magnússon	Daníel Helgason
Unnur Magnúsdóttir	
Guðlaugur Hilmarsson	
barnabörn og barnabarnabarn.	



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



Campana-bræðurnir Verk hönnuðanna heimsþekktu Humberto og Fernando Campana eru ávallt kaldhæðin, skapandi og frumleg. Nýlega hönnuðu þeir sköndna ljósakrónu sem þeir kalla Esperanca. Hún er úr gleri eins og figúrurnar sem eru í anda dúkka sem þekktar eru í þorpinu Esperanca.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringas ehf.

Þegar Halldóra Traustadóttir horfir á sjónvarpið situr hún í ruggustól sem hún fann í ruslagami.



Gæti tilheyrt hátískunni

Það sem hefur mest tilfinningalegt gildi eru listaverk barnanna og amma hefur líka gefið mér margt fallegt," segir Halldóra Traustadóttir, framkvæmdastjóri Kvenréttinda-

félags Íslands, beðin að velja hlut með sérstakt gildi. Bendir svo á ruggustól sem hún fann í ruslagami í Kaupmannahöfn þar sem hún bjó í næstum tólf ár. „Þarna safnaði ég húsgögnum og þennan stól nota ég mjög mikið.“

Halldóra kveðst ekki alveg hafa verið í takt við þorra Íslendinga þegar hún flutti heim með búslóð sína árið 2007. „En nú gæti stóllinn tilheyrt hátískunni.“

gun@frettabladid.is

Til leigu í Skútuvoði 1H-G

Skrifstofuhúsnæði—189 fm
Skrifstofuhúsnæði—164 fm
Lagerhúsnæði—189 fm



Um er að ræða gott skrifstofurými sem er annars vegar 189 fm að stærð og hins vegar 164 fm. Góð lofthæð er í plássunum og í miðju rýmum eru þakgluggar sem gefa góða birtu. Mjög gott húsnæði Miklir möguleikar.

Lagerhúsnæði með útkeyrsluhurð, alls 189 fm. Leigist saman eða í sitt hvoru lagi.

Ítarlegri upplýsingar liggja fyrir á skrifstofu Járn & glers hf - Skútuvoði 1 h- Barkarvogsmegin. Upplýsingar gefur Kjartan í s: 585-8902 / 894-4711. e-mail : kjartan@jarnkler.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísu eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

6 mánaða
vaxtalausar
greiðslur

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa



www.svefn.is

SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófar.
Íslensk framleiðsla.

Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. 264.900

SAGA OG ÞÓR


Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum

Vandaðir skór fyrir veturinn!

Sérlega þægilegir herraskór úr mjúku leðri með riflás yfir ristina og góða breidd.

„aircomfort“



Teg: 48096
Litir: svart og brúnt
Stærðir: 40 - 47
Verð: 19.885.-

Sími 551 2070.
Opíð mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Misty skor
Laugavegi 178



HEIMILI

Glæsileiki er það síðasta sem kemur upp í hugann þegar ruslafötur ber á góma. Þessa ruslafötu frá Seletti væri gaman að hafa fyrir allra augum enda með antíkhöldum og forn-fálegum skreytingum á lokinu.



Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður hannaði þennan kall úr birkirkrossviði. Í setuna er saumað munstur með krosssaum. Kollurinn verður fánlegur í verslunum þegar nær dregur jólam.



Hillurnar Tree Shelf eftir Þórunni Árnadóttur. Í sömu línu er að finna hillurnar Cloud Shelf byggðar á sömu hugmynd. Límmiðum er raðað á vegginn og hillurnar hengdar upp yfir þá. Engar festingar eru sjáanlegar. Tree og Cloud eru framleiddar og seldar af fyrirtækinu Estes sem einnig framleiðir og selur Klukku eftir Þórunni en fyrir hana fékk hún verðlaunin „Best New Product“ hjá „Accent on Design“ í New York í ár.



Brýndís Bolladóttir kynnti á Hönnunarmars hljóðkúluna á vegg. Kúlan er framleidd á Íslandi en ullarframleiðslan fer fram á Seyðisfirði. Kúluna má nú þegar nálgast í hönnunarverslunum.



OPIÐ HÚS

AFS-skiptinemasamtökin á Íslandi verða með opið hús á morgun, þriðjudag, kl. 17-19, í húsakynnum samtakanna, Ingólfsstræti 3, Reykjavík.

Allir, sem vilja forvitnast um skiptinemasamtök, sjálfbæðaliðadæmi eða starfsemi okkar almennt, eru hvattir til að líta við og kynna sér það sem við höfum upp á að bjóða.

AFS á Íslandi • Sími 552 5450 • www.afs.is • fjolskylda@afs.is



Dagskrá vikunnar

Vikan 11. - 15. október

Mánudagur 11. október

► **Powertalk** - Viltu efla forustuhæfileika þína og öðlast meira sjálfstraust? Kynntar verða aðferðir alþjóðlegu Powertalk samtakanna í sjálfsnámi og sjálfstyrkingu með jafningja fræðslu og þjálfun og áherslu á samskipti, stjórnun, skipulag og sjálfstraust. Umsjón: Fanney Úlfjótisdóttir, ráðgj. Kl. 15:00 - 16:00

► Ljósmyndaklúbbur kl. 13 - 14 ► Þrjónahópur kl. 13 - 15

Þriðjudagur 12. október

► **Qi-Gong** - Fáðu leiðsögn í Qi-Gong æfingum sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Umsjón: Viðar H. Eiríksson. Kl. 12 - 13
► **Bowen tækni** - kynning á Bowentækni sem getur lagað kvilla og bætt líðan til muna. 20 mínútna einstaklings prufutími. Skráning nauðsynleg. Umsjón: Guðmann Elíasson, Bowen tæknir. Kl. 13-15

► Gönguhópur kl. 13 - 14 ► Vinnu saman (Býflugurnar) kl. 14 - 16
► Skiptifatamarkaður kl. 14 - 16

Miðvikudagur 13. október

► **Listin að lifa - Art of Living** - Öndunartækni og hugleiðsla sem hjálpar til við að lifa í núinu. Umsjón Lilja Steingrímsdóttir. Kl. 13 - 14

► **Undirbúðu garðinn fyrir veturinn** - Hvernig halda á garðinum fallegum fram eftir hausti, ganga frá viðkvæmum gróðri og létta vorverkin. Umsjón: Þuríður E. Kolbeinsdóttir, garðyrkjufraeðingur. Kl. 14:30 - 16:00

► Lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur - Skráning æskileg. Kl. 14 - 16
► Tölvuaðstoð kl. 13:30-15:30

Fimmtudagur 14. október

► **Geðheilbrigði og Geðorðin 10** - Fjallað verður um geðheilsu og líðan. Þáttakendum verður svo boðið í stutt geðræktarferðalag þar sem ferðafélagarnir eru Geðorðin 10 og Geðræktarkassinn. Umsjón: Guðrún Guðmundsd., hjúkrunarfr. og verkefnastjóri Geðræktar hjá Lýðheilsustöð. Kl. 13:30 - 14:30

► Saumasmiðjan Kl. 13-15 ► Jóga Kl. 14:30-15:30 **ATH!! Breyttur tími.**

Föstudagur 15. október

► **Meðvirkni** - Af hverju verðum við meðvirk? Fyrirlestur um hvaðan meðvirkni kemur, þróast og birtist. Umsjón: Kjartan Pálmason. Kl. 13-15
► **Hvað liggur þér á hjarta?** - Spjallhópur Býflugna. Kl. 13:30-15

► Létt leikfimi í Rauða kross húsinu Kl. 10 ► Hláturjóga kl. 15-16

► Gönguhópur - hvernig sem viðrar Kl. 13-14 ► Vöflukaffi Kl. 14-15:30



Borgartúni 25 | Reykjavík | Opíð mánudaga til föstudaga kl. 13-16
raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is

Brot af íslenskri hönnun

Á hverju ári bætist í hóp íslenskra hönnuða sem vinna bæði sjálfstætt að eigin vörum og að vöruþróun fyrirtækja. Fréttablaðið tók saman lítið brot af hönnun á árinu.

Íslenskri vöruhönnun vex sífellt fiskur um hrygg. Á hvert útskrifar Listaháskóli Íslands hóp hönnuða sem vinna bæði sjálfstætt að eigin vörum og að vöruþróun hjá íslenskum framleiðslufyrirtækjum. Hönnunarmars er að verða árleg hefð þar sem hönnuðir nota gjarnan tækifærið til að frumsýna nýjar vörur. Fréttablaðið gróf upp einungis brotabrot af þeim vörum sem kynntar voru á þessu ári, bæði á Hönnunarmarsinum og á öðrum vettvangi, til að gefa lesendum hugmynd um þann frumleika sem býr í íslenskum hönnuðum.



Fjölnota glerhellur hannaðar af Öldu Halldórsdóttur og Guðrúnu Valdimarsdóttur fyrir Glerverksmiðjuna Samverk ehf. á Hellu. Samverk framleiðir hellurnar úr afskurði sem fellur til við aðra vinnslu sem annars hefði verið hent.



Show It Hub, hirsla eftir Færið, íslenskt hönnunarfyrirtæki sem stofnsett var á árinu. Hugmyndin er að nota fallega muni sem iðulega eru ofan í skúffu til að lifga upp á heimilið. Unnið úr formuðu plexigleri í tveimur útfærslum. Væntanlegt á markað með haustinu.

Skapaðu rómantíska birtu í rökkrinu

Fallegt getur verið að hengja kertalugtir í trén í garðinum á haustin þegar farið er að dimma á kvöldin.

Á haustin er allt eitthvað svo rómantískt. Nú þegar veðrið er svona milt er þess vegna tilvalið að njóta kvöldanna í garðinum og eiga góðar stundir með þeim sem standa hjartanu næst. Til að fullkomna stemmninguna getur verið sniðugt að hengja kertalugtir í trén sem lýsa fallega í hauströkkrinu.



- eö Svona má gefa garðinum nýtt og notalegt líf.

Ekki bera laufin inn

Haustvindar feykja nú fallega litum laufunum af trjánum. Laufin vilja safnast saman í tröppur og fylgja okkur inn á skónum, þar sem þau eru óvelkomin þótt falleg séu. Gróf dyramotta ætti að duga til að rífa það mesta undan skóólunum og ef ein dugar ekki til er ráð að leggja mottur beggja megin hurðar.



Dyramotta er hvað nauðsynlegust á þessum tíma árs.



„Fasteignakóngurinn“ auglýsir: Þægilega há sölulaun!

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.
Hafðu samband við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmunum þína að leiðarljósi.



heimili
FASTEIGNASALA



OPÍÐ HÚS

Skipholt 60 –

Opið hús í dag á milli kl. 16:30 - 17:30.

Gott verð - Þægileg kaup, áhvílandi lán frá Íbúðalánasjóði að upph kr. 20,5 millj. Mjög rúmgóð (133 fm) 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinnangangi. Þrjú svefnherbergi og sér þvottahús við herbergjagang. Útgengt í suðurgarð sem er með palli. Snýrting með baðkari og sturtu, flísalagt með hita í gólfi og finni innréttingu. Eldhús er með nýlegri innréttingu. Stofa er mjög rúmgóð með glugga er vísar út í bakgarð og fallett parket á gólfi. V. 26,7 millj. Jón Rafn hjá Valhöll sýnir eignina S: 695-5520



Ingólfur Gissurarson lfg.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími: 588-4477.



Einbýli á útsýnisstað

Fasteignamarkaðurinn ehf. hefur til sölu 263,6 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 42,9 fm bílskúr í Erluási í Hafnarfirði. Ásett verð er 69 milljónir en skipti á minni eign á svipuðum slóðum möguleg.

Komið er inn í flísalagða forstofu með fataskápum og úr henni er innangengt í bílskúr. Hol er flísalagt með föstum skápum á vegg. Gestasalerni er flísalagt með glugga og góðum innréttingum og flísalögðum sturtuklefa.

Hjónaherbergi er parkettlagt og með fataskápum. Stofan er stór og flísalögð, með aukinni lofthæð og arni. Fallett útsýni er úr stofu. Eldhúsið er einnig flísalagt, opið við stofu, með vönduðum innréttingum úr kirsuberjaviði. Flísalagt milli skápa. Stór eyja er í

eldhúsi með helluborði, háfi og skápum yfir. Granít er á borðum og fylgja ísskápur og uppþvottavél. Úr eldhúsi er gengið út á stórar svalir til suðurs og vesturs og þaðan á lóð.

Á neðri hæð hússins er gengið um flísalagðan stiga með næturlýsingu. Komið er í stórt parketlagt alrými með föstum hillum og útgangi á verönd til vesturs. Þrjú rúmgóð parketlögð barnaherbergi eru á neðri hæð, öll með fataskápum. Gengið út á lóð úr tveimur herbergjanna. Stórt flísalagt baðherbergi er einnig á neðri hæð með glugga, baðkari og flísalögðum sturtuklefa. Þvottaherbergi er flísalagt og með innréttingum.

Bílskúrin er lagður epoxy á gólfi, mótur er á bílskúrshurð, rennandi vatn, rafmagn og hiti. Einnig er geymsla inn af bílskúr. Byggingarár hússins er 2002. Húsið er staðsteypt og múrhúðað að utan. Múrverk hússins þarfnast lagfæringa, þak er í góðu lagi.

Til leigu á Glerártorgi

250 fermetra fullbúð verslunarhúsnæði á Glerártorgi á Akureyri til leigu.

Áhugasamir hafið samband við Erling í síma 699-6665



Einar Páll Kjærnestad
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Grænlandsleið 25 - 113 Reykjavík



Mjög falleg 117,4 m², 3ja herbergja neðri sérhæð, í tvíbýlishúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús, geymslu, baðherbergi, stofu, borðstofu, eldhús og tvö svefnherbergi. Sérinnangangur. Ca 50 m² afgirt timburverönd. Fallegar innréttingar og gólfefni. Áhvílandi lán frá Íbúðalánasjóði ca 20,9 m. með 5,05% vöxtum. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 26,9 m. 5019

Kvíslartunga 41 - 270 Mosfellsbær



250,6 m² parhús á tveimur hæðum með bílskúr. Húsið er skráð samkvæmt Fasteignamatí ríkisins 217,7 m² og bílskúrin 32,9 m². Húsið sem er timbureiningahús er tæplega fókelt í dag og afhendist í núverandi ástandi. Byggingarefni og einangrun sem er í húsinu og fylgir það með í kaupnum. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 23,9 m. 5010



Kvíslartunga - 270 Mosfellsbær
LÆKKAD VERÐ Útborgun 1,2 milljónir og yfirtekin lán !!! Stílhreint og flott parhús á tveimur hæðum á miklum útsýnisstað í Mosfellsbæ. 4-5 svefnherbergi, fleiri möguleg, stórar stofur og eldhús, góður bílskúr og mjög stórar svalir. Húsið er tilbúið til afhendingar, skilast fullbúð að utan og vel rúmlega fókelt að innan. Áhvílandi er yfirtakanlegt hagstætt lífeyrissjóðslán á 4,9% vöxtum, um 35,8 m.kr. Sýningaríbúð í Kvíslartungu 511 V. 37,0 m. 3391

Hallakur - 210 Garðabær



Þjört 3ja herbergja, 117 m² íbúð á jarðhæð við Hallakur 2A í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi, og tvö svefnherbergi. Íbúðinni fylgir sér geymsla í kjallara. Íbúðin er björt og falleg. Fallegar innréttingar. Svalir í suðvestur. Áhvílandi lán frá Íbúðalánasjóði ca 22,1 m. með 4,9% vöxtum. V.27,9 m.

Rúgakur 3 - 210 Garðabær



Rúmgóð og glæsileg 3ja herbergja á 1. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt staði í bilakjallara við. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, stofu, borðstofu, eldhús, rúmgott svefnherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi. Íbúðinni fylgir bílastæði ásamt 24,5 m² sér geymslu í lokuðum bilakjallara. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. V. 34,9 m



Fiskakvísl - 110 Reykjavík
Rúmgóð 151,8 m² íbúð á 1. hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt 31,2 m² bílskúr. Skipti óskast á stærra raðhúsi/parhúsi eða einbýlishúsi í sama hverfi. V. 34,9 m. 4870



Skólbraut - 270 Mosfellsbær
160,9 m² einbýlishús með bílskúr á fallettum stað við Skólbraut. Frábær staðsetning! Stutt í skóla og alla þjónustu. Stór lóð með timburverönd og fallettu útsýni. V. 36,9 m. 4821



Þverholt 9 - 270 Mosfellsbær
Falleg 57,7 m², 2ja herbergja íbúð á jarðhæð (ósamþykkt) með sérinnangangi. Íbúðin skiptist í forstofuhol, stofu, eldhús, svefnh. og geymslu. Stutt er í alla þjónustu. Eignin er laus til afhendingar strax! V. 10,8 m. 4979



Þórðarsveigur - 4ra herbergja
Góð 4ra herbergja 118,9 fm íbúð með sérinnangang og staði í lokaðri bilageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, 3 svefnh., þvottaherbergi, baðh., eldhús og stofu. Sér geymsla er í kjallara. V. 24,9 m. 5353



Hraðastaðir - Mosfellsdalur
Lóðin Hraðastaðir 1 í Mosfellsdal er til sölu. Lóðin er skráðir 29,5 hektarar og er staðsett ofan götu ekki langt frá Gljúfasteini. V. 15,5 m. 5022



Rauðamýri - 270 Mosfellsbær
Falleg 107,4 m², 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli. Íbúðin skiptist í forstofu, 2 svefnh., baðh., þvottahús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir 9 m² sér geymsla í kjallara. Fallegar innréttingar og 2 svalir. V. 22,5 m. 5014



Bergholt - 270 Mosfellsbær
133,6 m² einbýlishús ásamt 33,6 m² bílskúr við Bergholt í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, gestasalerni, baðherbergi, fjögur svefnherbergi, eldhús, búrherbergi, stofu og borðstofu. Húsið stendur á fallettri hornlóð í rólegri götu í grónu hverfi í Mosfellsbæ. V. 39,5 m. 4682

FOLD FASTEIGNASALA

Laugavegi 170, 2. hæð • Opíð virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
Þjónustusími sölumanna eftir lokun 694 1401

Einbýli




Einbýli - Stígahlíð
Ca. 355 fm einbýli sem þarfnast endurbóta. Húsið þarfnast standsetningar að innan. Eign sem býður upp á mikla möguleika í hönnun og nýtingu. Ca. 48 milljóna lán með 4,15% vöxtum getur fylgt. Skipti möguleg á eign í Borgarfirði eða Borgarnes. Verð 59,9 millj 7282

Hæðir



Langamýri 28-Garðabæ m. bílskúr.
Opíð hús í dag frá kl 17:30-18:
Björt og falleg íbúð á annari hæð við Löngumýri í Garðabæ. Þvottaherb, innan íbúðar og risloft yfir hluta íbúðar.
Bein sala eða skipti á 2ja herb íbúð.
Sigríður sýnir s. 896-8409.
Verð 25,9 millj.

Parhús



Kambasel 57-
Opíð hús í dag milli kl 17 og 18:
Rúmlega 210 fm. fallett raðhús á góðum stað í Seljahverfi. Fyrsta hæðin er öll endurnýjuð á smekklegan hátt. Gengt er frá stofu í garð. Á annari hæð eru 4 svefnherbergi, baðherbergi og fataherbergi inn af einu, baðherbergi o.fl. og risið er notað sem svefnherbergi og setustofa í dag.
Bein sala eða skipti á minni eign verð 39,9 millj. Verið velkomin í opíð hús í dag frá kl. 17-18

3ja herb.



Flétturími 12 m. bílgeymslu.
Björt og hlýleg rúmgóð 3ja herb. íbúð á jarðhæðylli. Merbau-parket á allri íb. Nýlegar innrétt. Sérgarður og verönd. Skipti möguleg á íbúð í 101. íbúð og bílgeymsla eru samtals um 133 fm.
Verð 21,9m.íllj.
Opíð hús í dag frá kl 17-18.
Jóhanna sýnir s. 865-3115.



Stígahlíð 3ja-4ra:
Björt og góð íbúð á 1. hæð í blokk. Íbúðin skiptist í 2 svefnherbergi, stofu og borðstofu, eldhús og bað. Suðursvalir eru á íbúðinni.
Góð eign á frábærum stað.
Verð 17,9 millj.



Hlíðarhjalldi 69-Kópavogi,
Opíð hús í dag frá kl 17-18:
Ca. 83. fm. björt og falleg íbúð á góðum útsýnisstað við Hlíðarhjalldi. Skiptist í stofu, 2 svefnherbergi, eldhús og bað. Falleg eign á góðum stað. Hús og þak nýlega viðgert. **Verð 18,8 millj. 9104**



Vallarbarð 14 -Hafnarfirði, yfirtaka +600þús.-lág greiðslubyrði:
Rúmlega 63 fm. góð íbúð með sérinnangangi á jarðhæð í tvíbýlishúsi á fallegum stað í Hafnarfirði. Falleg lóð, bílastæði. Auðveld kaup.
Verð 15,5, áhvilandi langtímalán upp á ca. 14,9 millj. greiðslubyrði ca. kr. 68. þús pr. mánuð

Eignir vikunnar

Einbýli-Bergsmári 3 Kópavogi



Ca. 252 fm. gott einbýlishús á 2 hæðum á frábærum útsýnisstað í Kópavogi. Innbyggður bílskúr, 4 rúmgóð svefnherbergi, parket á gólfum, rúmgott og vandað baðherbergi. Skipti á minni eign möguleg.
Verð 55,9 millj. Verið velkomin í opíð hús í dag frá kl 17:30-18:30.

Neðstaber 6: Einbýli við Elliðárdalinn



Vandað einbýlishús við Neðstaber í Breiðholti. Skiptist í 3-4 svefnherbergi, stofur, ein þeirra m. arni, eldhús og tvö baðherbergi. Einnig eru góðar geymslur og bílskúr. Fallegur garður og góður pallur m. heitum potti. Vel staðsett, fallett hús á góðu verði.
Verið velkomin í opíð hús frá kl 17-17:30 í dag. Verð 44,9 millj.











VANTAR VANTAR:

Höfum kaupendur að 2ja og 3ja herbergja íbúðum í 101-107 og 170. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign!

Hvað kostar eignin mín? – Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

FASTEIGNASALAN TORG

KRAFUR - TRAUST - ÁRANGUR

- | | | | | | | | | | | |
|---|---|--|--|--|--|--|--|---|--|--|
| 
Sigurður
Lögg. fasteignasali
Sölufultrúi
GSM: 898 6106 | 
Hafðis
Sölustjóri
GSM: 895 6107 | 
Dórothea
Sölufultrúi
GSM: 898 3326 | 
Jóhanna
Lögg. fasteignasali
GSM: 698 7695 | 
Póra
Lögg. fasteignasali
GSM: 822 2225 | 
Berglind
Lögg. fasteignasali
GSM: 694 4000 | 
Arni
Lögg. fasteignasali
GSM: 893 4416 | 
Sigurbjörn
Sölufultrúi
GSM: 867 3707 | 
Porsteinn
Sölufultrúi
GSM: 694 4700 | 
Gunnar
Sölufultrúi
GSM: 822 3702 | 
Bergsteinn
Lögg. fasteignasali
S: 520 9595 |
|---|---|--|--|--|--|--|--|---|--|--|


Fasteignasalan TORG styrkir Bleiku slaufuna. Settu fasteign þína í sölu hjá okkur og fyrir hverja nýja eign setta í sölu í október styrkjum við Bleiku slaufu árverknisátakið. Hringdu í okkur!

Hvannahólmi 4 – 200 Kóp



Opíð hús mánud. 11.okt kl.17:30-18:00
Gott 5 herb. einbýlishús í Kópavogi með auka 2ja herb íbúð á jarðhæð í útleigu og góðum garði og suður-timburverönd. Efri hæðin er 113,6 fm og neðri hæðin skiptist í bílskúr 28,8 fm og íbúð. Seljandi skoðar skipti á minni íbúð. **Nánari uppl. Sigurður gsm: 898-6106**

Strandvegur 26 – 210 Gbæ



Opíð hús þriðjud. 12.okt kl.18:00-18:30
4ra – 5 herbergja íbúð á 2.hæð, í lyftublokk, + staði í bílageymslu. 3 Svefnherb, 2 aðskildar stofur. Stórar 14,6fm suður svalir, fallegur sameiginlegur garður. **Nánari uppl. Sigurbjörn gsm: 8-67-37-07**

Bústaðavegur 71 – 108 Rvk



Opíð hús mánud. 11.okt kl.18:00-18:30
Sérhæð & ris, 6 herbergja; 3 aðskildar stofur, 3 svefnherbergi, opíð eldhús, 2 baðherbergi, arinn, suðursvalir með útsýni yfir Fossvogsdalinn, allt nýlega uppgerð. Trjágarður með sólpalli og heitum potti sem er séreign hæðarinnar. **Nánari uppl. Sigurbjörn gsm: 8-67-37-07**

Teigasel 7 – 109 Rvk



Opíð hús mánud. 11.okt kl. 17:30-18:00
Flott 3ja herb. íbúð á 4. hæð. Alveg þess virði!!!
Nánari uppl. Jóhanna gsm: 698-7695

Baldursgata 7a – 101 Rvk



Opíð hús mánud. 11.okt kl 17:30-18:00
Mjög falleg og mikið endurnýjuð íbúð á jarðhæð í góðu húsi í Þinghóltunum. Innfelld halogenlýsing, eikarparket er á gólfum og fallegar innréttingar. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf og þvottahús er innan íbúðar. **Nánari uppl. Hafðis gsm: 895-6107**

Unufell 21 – 111 Rvk



Opíð hús mánud. 11.okt kl. 18:30-19:00
